

BÓKUN

Gildis-lífeyrissjóðs á hluthafafundi Skeljungs hf. 7.10.2021

Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir því að gerð verði grein fyrir eftirfarandi afstöðu af fundarstjóra hluthafafundarins áður en gengið er til atkvæða hverju sinni um eftirfarandi dagskrárliði og að afstaðan verði jafnframt færð til bókar í fundargerð hluthafafundarins:

Dagskrárliður 2 – Atkvæðagreiðsla um sölu dótturfélags Skeljungs hf. í Færeyjum, P/F Magn.

Fyrirliggjandi er tillaga stjórnar félagsins þess efnis að dótturfélag þess í Færeyjum, P/F Magn, verði selt. Ekki er getið um tiltekin viðskipti í tillögunni sjálfri og þá fylgja henni ekki, að mati sjóðsins, nægjanlegar upplýsingar til þess að hægt sé að leggja mat á þau viðskipti sem viðræður eru um. **Gildi-lífeyrissjóður mun af þessum sökum sitja hjá við afgreiðslu tillögunnar.** Gangi sala á P/F Magn eftir telur Gildi-lífeyrissjóður rétt að afrakstri sölnnar verði ráðstafað til hluthafa félagsins með arðgreiðslu eða almennri lækkun hlutafjár.

Dagskrárliður 3 – Atkvæðagreiðsla um fyrirliggjandi tillögu um heimild til kaupa á eigin hlutum með útboðsfyrirkomulagi.

Fyrirliggjandi er tillaga þess efnis að bæta við heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutabréfum félagsins, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, í því skyni að lækka hlutafé félagsins. Þar sem fyrirhugaðar eru verulegar breytingar á rekstri og starfsemi félagsins og óljóst með framvindu á hlutabréfamarkaði af þeim sökum telur Gildi-lífeyrissjóður rétt að eignum félagsins verði ráðstafað almennt til hluthafa félagsins með arðgreiðslu eða almennri lækkun hlutafjár í stað þess að það sé gert með öfugu útboði. Almennt séð hefur sjóðurinn ekki haft athugasemdir við heimildir af þessu tagi hjá skráðum félögum en telur hana síður eiga við í tilfelli Skeljungs hf. á grundvelli þeirrar vegferðar sem félagið er á. Meðal annars eru lykileignir félagsins í sölufarli og lagðar hafa verið til verulegar breytingar á tilgangi og starfsemi félagsins. **Gildi-lífeyrissjóður mun af þessum sökum sitja hjá við afgreiðslu tillögunnar.**

Dagskrárliður 4 – Atkvæðagreiðsla um fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.

a) Tillaga um að fella brott d) lið 4. mgr. 18. gr. samþykta félagsins.

Fyrirliggjandi er tillaga þess efnis að fella brott framangreint ákvæði sem kveður á um að samþykki allra hluthafa þurfi fyrir verulegum breytingum á tilgangi félagsins. Kemur fram í greinargerð með tillögunni að gert sé ráð fyrir að atkvæðagreiðsla fari fram á grundvelli 93. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög (aukinn meirihluti en ekki samþykki allra). Gildi-lífeyrissjóður hefur efasemdir um

að slíkt fyrirkomulag standist og telur að samþykki allra hluthafa félagsins þurfi til að fella ákvæðið á brott úr samþykktum. Er í þessu samhengi m.a. vísað til 3. mgr. 94. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Er í reynd þýðingarlaust að áskilja samþykki allra hluthafa fyrir tilteknum breytingum ef aukinn meirihluti getur síðan fellt þann rétt á brott og samþykkt þær í kjölfarið. Er óskað eftir því að fundarstjóri hluthafafundarins úrskurði um þetta efni, þ.e. hvaða samþykkishlutfall er áskilið til þess að tillagan nái fram að ganga.

Færa má sterk rök fyrir því að með því að fella brott d) lið 4. mgr. 18. gr. samþykktu félagsins sé réttarsambandi milli hluthafa raskað þar sem slík niðurstaða leiðir til þess að hluthafar sem áður höfðu rétt til þess að koma í veg fyrir verulegar breytingar á tilgangi félagsins eru þar með sviptir þeim rétti. Þetta leiði þannig til röskunar á réttarsambandi og réttarskerðingar sem 3. mgr. 94. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög er ætlað að taka til. Eru að mati sjóðsins ekki tæk rök í þeim efnum að heimila lægra samþykktarhlutfall á grundvelli þeirra sjónarmiða að erfitt gæti reynst að afla samþykkis allra hluthafa félagsins. **Gildi-lífeyrissjóður mun af þessum sökum greiða atkvæði gegn tillögunni.**

b) Tillaga um breytingu á tilgangi félagsins.

Fyrirliggjandi er tillaga um verulegar breytingar á tilgangi félagsins þar sem áhersla á tiltekinn rekstur er fjarlægð úr samþykktum og félaginu í reynd breytt í fjárfestingarfélag án sérstakra áherslna á fjárfestingar í tilteknum atvinnugreinum eða landsvæðum. Að mati sjóðsins þurfa allir hluthafar félagsins að samþykkja þessar breytingar.


Gildi-lífeyrissjóður telur ekki forsendur til þess að fallast á svo viðamiklar breytingar á samþykktum félagsins, enda liggja ekki fyrir framtíðarsýn eða áherslur í þeim efnum. **Greiðir sjóðurinn af þeim sökum atkvæði gegn tillögunni.**

Dagskrárliður 5 – Tillaga stjórnar um uppskiptingu rekstrar félagsins og stofnun dótturfélaga.

Fyrirliggjandi er tillaga um að rekstri Skeljungs hf. verði skipt upp og stofnuð tvö dótturfélög um reksturinn, annað fyrir rekstur starfsemi á einstaklingssviði og hitt fyrir starfsemi á fyrirtækjasviði.

Gildi-lífeyrissjóður mun sitja hjá við afgreiðslu tillögunnar á grundvelli þeirra sjónarmiða sem komið hafa fram í öðrum dagskrárliðum á hluthafafundinum.

Reykjavík, 7. október 2021


Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri